

17. ÁRG. 3.—4. HEFTI — 1955

FRJÁLS VERZLUN

25



Birgir Kjaran

hliðstæð gjöld á samskonar innlendar vörur, og að gera erlendu vöruna þannig dýrari en þá innlendu. Þetta var ráðandi stefna í verzlunarmálum flestra Evrópuþjóða í margar aldir. Áhrif hennar hafa síðar farið minnkandi, þó gætir hennar enn nokkuð, t. d. í íslenskri tollalöggjöf.

Í þessu sambandi er vert að vara við þeim talsvert algenga misskilningi, að allir tollar séu andstæðir frjálsri verzlun. Svo er ekki, því að meginhluti tolla er nú aðeins fjáröflunartollar fyrir ríkið, hliðstæður tekjustofn og skattarnir, og eru þeir þá ýmist lagðir á vörur, sem ekki eru framleiddar innanlands, eða ef samskonar vörur eru framleiddar í landinu, þá er greitt af þeim framleiðslugjald jafnhátt tollinum, sem lagður er á innfluttu vörurnar. Slíkir tollar veita enga „vernd“ og eru ekki andvígir frjálsri verzlun, en það eru hinir eiginlegu verndartollar aftur á móti.

Veigameiri tæki til þess að hindra verzlun milli landa nú á tímum eru hin margbreytilegu viðskiptahöft. Eru þau ýmist framkvæmd í krafti tvíhliða verzlunarsamninga, sem ríki hafa gert með sér, eða sem einhliða aðgerðir viðkomandi ríkisstjórnar. Haftastefna þessi hefur sýnt hina ótrúlegustu fjölbreytni, en algengustu eðlisþættir hennar eru þó þessir: Einkasala á erlendum gjaldeyri er falin sérstökum stofnunum, og leyfi til gjaldeyriskaupa aðeins veitt ákveðnum aðilum, leyfi þarf einnig til þess að flytja inn allar vörur, aðeins er heimilað að flytja inn vissar vörutegundir og það frá tilteknum löndum. Svipaðar reglur eru settar um útflutninginn: Leyfi þarf fyrir útflutningi allra vara, einkaleyfi eru veitt í sumum greinum, skylda er að skila öllum erlendum gjaldeyri, sem aflast, til ákveðinna stofnana o. s. frv. Stefna þessi hefur að meira eða minna leyti verið ráðandi á sviði íslenzkrar utanríkisverzlunar í undanfarna tvo áratugi, þó áhrifa hennar gæti nú minna, og ætti því að vera óþarft að lýsa henni nánar.

Þriðja andstæða frjálsrar verzlunar er svo einokun utanríkisverzlunarinnar, sem getur verið

mismunandi viðtæk, t. d. takmörkuð annaðhvort við inn- eða útflutningsverzlunina, eða við ákveðna vöruflokka. Í algerustu formi birtist einokunin, ef ríkið tekur sjálft að sér rekstur allrar utanríkisverzlunarinnar eða veitir einhverjum öðrum aðila slíka einokunaraðstöðu. Við höfum hér kynni af ýmsum afbrigðum þessarar verzlunarstefnu. Má þar m. a. nefna einokun Dana á Íslandsverzluninni, Landsverzlunina gömlu, núverandi ríkiseinkasölu á nokkrum innfluttum vörum og einkaleyfi ákveðinna stofnana til útflutnings á sumum íslenskum afurðum.

Þá komum við að innanlandsverzluninni. Mismunun þegnanna getur þar verið með mörgum hætti, fyrst og fremst sem bein afleiðing af ófrjálsri utanríkisverzlun og í öðru lagi vegna sérstakra aðgerða ríkisvaldsins og annarra aðila. Einn höfuðandstæðingur frjálsrar innanlandsverzlunar er einokunin, hvort sem stofnað hefur verið til hennar fyrir atbeina ríkisvaldsins, þannig að ríkið rekur einkasölu eða hefur veitt öðrum einkasöluheimild eða aðstöðu, eða einokunin hefur myndast án tilverknaðar þess opinbera. Þá getur ríkisvaldið með ýmsum öðrum aðgerðum gert verzlunaraðstöðu þegnanna ójafna, t. d. með skattaívilnunum, eins og nú á sér stað um kaupfélögin hér á landi, eða með því að meina mönnum að verzlun nema á ákveðnum stöðum eða við ákveðin fyrirtæki, eins og átti sér stað á einokunartímabilinu. Loks stríða vöruskömmun, „áætlunar-búskapur“ og afnám eðlilegrar verðmyndunar gegn frjálsri verzlun. Kynni manna af þessum innlendu verzlunarhöftum munu yfirleitt svo fersk, að ástæðulaust er að verja frekara rúmi til þess að rekja þær aðgerðir.

3.

Hér að framan hefur hugtaki frjálsrar verzlunar verið lýst í stórum dráttum og gerð grein fyrir þeim verzlunarstefnum, sem andstæðastar eru henni.

Næst liggur þá fyrir að kryfja til mergjar kosti og galla frjálsrar verzlunar og svara þeirri spurningu, hvort hún taki öðrum verzlunarkerfum fram og sé því æskileg.

Ef fella á um það dóm, hvort eitt verzlunarkerfi sé öðru æskilegra, verður fyrst að gera sér

ljóst, hvaða mælikvarða á að leggja á kostina og brestina, eða með öðrum orðum að slá því föstu, hver sé tilgangur og markmið verzlunarinnar og hagkerfis þjóðarinnar í heild. Þessi markmið geta verið tvenns konar, hagræn eða pólitísk, og eru þó oft samtvinnuð. Þegar rætt er um hagræn sjónarmið í þessu sambandi, er gengið út frá, að tilgangur verzlunarinnar sé aðallega að afla sem mestra þjóðartekna, en pólitíska markmiðið lýsir sér í því, að ýms innlend og erlend pólitísk sjónarmið, svo sem vígbúnaður, utanríkispólitik, stuðningur við ákveðnar stéttir o. fl., eru látin marka stefnuna í verzlunarmálum, enda þótt þjóðartekjurnar kunni að verða rýrari fyrir þær sakir.

Við ákvörðun á íslenzkri verzlunarstefnu liggur það í hlutarins eðli, að hagræna sjónarmiðið á að vera mestu ráðandi, þar sem við erum óvígubúin þjóð og rekum ekki „aktiva“ utanríkispólitik. Þó verður ekki hjá því komizt að taka einnig nokkurt tillit til sjónarmiða, sem ekki eru að öllu leyti hagræn, til þess t. d. að fyrirbyggja, að félagslega þýðingarmikill atvinnuvegur eins og landbúnaðurinn leggist niður, eða að atvinnuvegur, sem verulegur hluti af þjóðarauðnum hefur verið bundinn í, svo sem iðnaðurinn, hrynni í rústir.

Markmið íslenzkrar verzlunarstefnu ætti fyrst og fremst að vera að auka þjóðartekjur og þjóðarauð Íslendinga.

Í ljósi þessa markmiðs skulum við skoða frjálsa verzlun. Af frjálsri verzlun leiðir viðtæka verkaskiptingu milli þjóða, stétta og einstaklinga. Þetta hefur í för með sér, að fyrirtæki, atvinnugreinar og atvinnuvegir eru staðsettir, þar sem framleiðsluskilyrðin eru bezt, þótt flutningamöguleikar og markaðir ráði þar einnig nokkru um.

Sumir hafa haldið því fram, að þetta myndi horfa til landauðnar í þeim löndum, sem hafa ekki algera framleiðslufyrirburði á neinu sviði. Það er rangt, því að þótt fyrir kunni að finnast lönd, sem hafa öllum öðrum löndum betri framleiðsluskilyrði í mörgum greinum, þá munu þau einbeita sér að því verkefninu, þar sem þau hafa mesta yfirburði, en eftirláta hinum lakar settu að framleiða aðrar vörur. Dæmi um slíka verkaskiptingu þekkjum við úr daglega lífinu. Þótt forstjóri fyrirtækis sé e. t. v. betur að sér í bók-haldi en flestir aðrir, þá hefur hann samt bók-

haldara í þjónustu sinni til þess að færa bækur fyrirtækisins, svo að hann geti sjálfur helgað sig því viðfangsefni, sem hann hefur mesta yfirburði í, sem er stjórn fyrirtækisins.

Afleiðing verkaskiptingarinnar milli þjóða og frjálsrar utanríkisverzlunar verður því, að á þann hátt fær þjóðin *óðýrari vörur, betri vörur, meira vörumagn og aukið vöruval*. Þetta hefur í för með sér auknar þjóðartekjur, meiri velmegun og fjölbreyttari lífnaðarhætti. Auk þess eykur það samskipti, viðkynningu og vináttu þjóðanna.

Þessar staðreyndir hafa almennt gildi, en ættu þó að vera Íslendingum öðrum fremur ljósar, vegna þess hve framleiðsla okkar er einhæf. Aðalauðlindir landsins eru fiskimiðin við strendurnar og orka vatnsfalla og heitra hvera. Við þurfum því að flytja inn allan kornmat og margar aðrar tegundir matvæla, sömuleiðis megnið af nauðsynlegum fatnaði, byggingarefni, kol, oliur, vélar og tæki, ef framleiðsla þjóðrinnar á ekki að stöðvast og þjóðin að geta lifað mannsæmandi lífi. Til greiðslu á þessum margvíslega varningi verðum við að flytja út innlenda framleiðslu, en hún er frá náttúrunnar hendi fábreytt, aðallega nokkrar tegundir sjávarafurða. Íslendingum hentar því hin alþjóðlega verkaskipting flestum þjóðum betur, enda má segja, að frjáls utanríkisverzlun sé þjóðinni blátt áfram lífsnauðsyn, því að sérhverjar hömlur, sem aðrar þjóðir leggja á innflutning útflutningsvara okkar, minnka gjaldeyrstekjur okkar, og þær hömlur, sem við leggjum á innflutning erlendra vara hingað til lands, gera lífsafkomu okkar verri, því að hinar erlendu vörur verða þá dýrari og vörumagnið og vöruvalið minna.

Ekkert hinna áður nefndu verzlunarkerfa, sem andstað eru frjálsri verzlun, hafa sömu kosti til að bera. Verndartollarnir og einokunin gera vörurnar dýrari. Verzlunarhöftin og „áætlunarbúskapurinn“ gera vöruvalið minna og vörugæðin lakari. Og öll stuðla þessi kerfi að því að mismuna þegnunum, ýmist ívilna einni stétt á kostnað annarrar, eða ota tota einhverra einstaklinga, en bera hag annarra fyrir borð. Það er því vafalaust, að sem frjálsust verzlun er ákjósanlegasta verzlunarfyrirkomulagið, enda þótt slíkt kerfi sé auðvitað ekki gallalaust fremur en önnur mannanna verk.

Sumir halda því fram, að af frjálsri verzlun myndi leiða félagslegt ranglæti fremur en undir haftastjórn. Slikt er staðlaust stafir. Að vísu mundi kaupgeta þegnanna vera mismunandi undir þessu verzlunarkerfi, eins og raunar á sér stað, hvert svo sem hagkerfið er. Hins vegar eru möguleikar til tekjujöfnunar eftir öðrum leiðum, t. d. skatta- og fjármálapólitík ríkisins, sízt minni, þótt verzlunin sé frjáls, og hitt væri aftur tryggt, að nú fengju menn vörur fyrir tekjur sínar, án tillits til annarrar aðstöðu, en á því er jafnan mikill brestur undir haftakerfi. Í raun og veru má segja, að frjáls verzlun sé eina lýðræðislega og félagslega (sósíala) verzlunarkerfið, því að þar eru völdin lögð í hendur þegnanna, en ekki ríkisins, embættismanna eða einokunar. Það verða þá ekki stofnanir eða stjórnir, sem ákveða, í hvaða hlutföllum flytja eigi inn framleiðsluvörur eða neytluvörur. Það verða þegnarnir sjálfir, sem ráða því. Innflytjendurnir, kaupmenn eða kaupfélög, verða þjónar fólksins, sem reyna að hafa á boðstólum þær vörur, sem óskað er. Neytendurnir kaupa vörurnar, þar sem þeir fá þær bestar og ódýrastar, og knýja þá, sem vörurnar selja, til samkeppni. Þannig verður neytandinn húsbóndi á sínu heimili og þarf ekki að haga neytlu sinni og lífsvenjum eftir kennisetningum eða kenjum einhverra embættismanna eða nefnda, sem á tímum haftanna eru allsráðandi um það, hvað almenningur leggur sér til munns eða klæðis. Þegnarnir þurfa enga slíka forsjón, þeir vita sjálfir bezt, hvar skórin kreppir. Með frjálsri verzlun myndast þannig lýðræði í atvinnumálum hliðstætt því, sem menn njóta í stjórnámálum, því að hver neytandi fer þar sjálfur með sitt atkvæði og hefur með eftirspurn sinni bein áhrif á verðlag, vörur, vörugæði, framaleiðslu og innflutning til landsins.

Hér hefur ekki verið gerð nein tilraun til þess að túlka frjálsa verzlun sem óskeikula, trúarlega kennisetningu, heldur skal viðurkennt, að þjóðarbúskapurinn geti vegna innri eða ytri meinsemda færzt svo úr skorðum, að um stundar sakir þurfi að grípa til óeðlilegra neyðarráðstafana. Það er og jatað, að stundum geti þjóðin talið sér nauðsyn að fórna efnahagslegum ávinningi vegna annarra sjónarmiða og setji þá einhverjar

skorður við því, að verzlunin sé algerlega frjáls. En þetta breytir engu um það, að frjáls verzlun er almennt tvímælalaust æskilegasta verzlunarkerfið og það eina, sem auka mun velmegun allrar þjóðarinnar til frambúðar.

Hundrað ára saga vaxandi verzlunarfrelsis Íslendinga er óhrekjanleg sönnun þess, að frjálsari verzlun fylgja stöðugt auknar framfarir og vaxandi farsæld alþjóð til handa.

Snjall kaupmaður:

Þorlákur O. Johnson var þjóðlegastur allra kaupmanna sinnar tíðar. Á sölubúð sína dró hann aldrei danskan fána að hún, heldur alltaf merki það hið íslenska, sem þá tíðkaðist, hvítan fálka á bláum feldi.

Á sumrin, þegar skipin komu úr strandferðum, gerði Þorlákur sér sérstakt far um að laða til sín kaupendur utan af landi.

Hér er sýnishorn af auglýsingu frá verzlun Þorláks O. Johnson af slíku tilefni, en hún er sérkennileg og ísmeygileg, eins og auglýsing á að vera:

„Hér með leyfi ég undirskrifaður mér að tilkynna hinu heiðruðu farþegum með gufuskipinu „Thyru“, að föstudaginn hinn 25. sept. verður

FALLEGUR BAZAR

opinn allan daginn í verzlunarhúsum mínum. Þeir, sem koma þar inn, gleyma þá ekki konum og börnum heima, því það er gaman að gleðja þau við heimkomuna. (Með þessari auglýsingu fylgdi vöruskrá).

Í búðinni fást hjá mér hinar nafnkunnu ensku vörur, sem ég mun selja töluvert undir vanalegum pris allan daginn á morgun.

Kl. 6 í kvöld verður búð mín í heiðursskyni við farþegana uppljómuð (Illumineruð) eins og vandi er til á jólum og nýári. — Komið inn, allir velkomnir.

Virðingarfyllt,

Reykjavík, 25. sept. 1885.

Þorlákur O. Johnson“.

Þessu var strax útbýtt um borð við komu skipsins. Auðvitað hefur búðin verið eins og hún var vön, með sömu vörurnar og alltaf, en verðið aðeins lægra. Svo kemur uppljómunin og kurteisinn við farþegana, og það vekur athygli og dregur að viðskiptavinum.